


Ágúst 2015//BRÁÐABIRGÐATÖLUR

Fleiri hraðakstursbrot í sumar en tvö síðastliðin sumur.

Hraðakstursbrot þar sem hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund voru 11.136 á tímabilinu maí til ágúst árið 2015. Þetta eru fleiri hraðakstursbrot en á sama tímabili árið áður og tvisvar sinnum fleiri en á sama tímabili árið 2013. Hraðamyndavélar hafa mikið að segja um þennan mun en hraðabrot þar sem hámarkshraðinn er 90 km/klst voru meira en helmingi færri árið 2013 heldur en árið á undan og árið á eftir. Sjá mynd 1.


Meðalhraði þeirra sem teknir voru fyrir of hraðan akstur var sá sami í sumar og sumarið 2014 eða 109 km/klst. Árið 2013 var hann 111 km/klst. Hlutfallslega voru fleiri sem óku á 111-130 km/klst. árið 2013 en hin tvö árin en dreifingin árin 2014 og 2015 var nokkuð jöfn og óku flestir sem teknir voru á bilinu 101-110 km/klst.

Sá ökumaður sem tekinn var á mestum hraða sumarið 2015 ók á 185 km/klst. í embætti lögreglunnar á Suðurnesjum.




Mynd 1. Fjöldi hraðakstursbrota þar sem hámarkshraði er 90 km/klst á tímabilinu maí til og með ágúst, árin 2013, 2014 og 2015.


Tímabilið september-ágúst




Mynd A. Fjöldi hegningarlagabrota og auðgunarbrot síðustu 13 mánuði.



Mynd B. Fjöldi umferðarlagabrota og hraðakstursbrota síðustu 13 mánuði.



Mynd C. Fjöldi innbrota, líkamsmeiðinga og eignaspjalla síðustu 12 mánuði og yfir sama tímabil síðustu tvö ár.



Mynd D. Hlutfall kynjanna í þjófnum síðustu 12 mánuði.